



**36. fundur Heimastjórnar Borgarfjarðar
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Borgarfirði, fimmtudaginn 8. júní 2023
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Eypór Stefánsson formaður, Alda Marín Kristinsdóttir aðalmaður, Ólafur Arnar Hallgrímsson aðalmaður og Jón Þórðarson fulltrúi sveitarstjóra.

Fundargerð ritaði: Jón Þórðarson, fulltrúi sveitarstjóra

Dagskrá:

1. 202304173 - Ársskýrsla og ársreikningur Náttúrustofu Austurlands 2022

Fyrir liggur ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2022.

Lagt fram til kynningar.

2. 202305150 - Fundir sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna í ágúst til desember 2023

Fyrir liggur tillaga að fundadagatali fyrir sveitarstjórn, ráð og heimastjórnir fyrir ágúst til desember 2023.

Heimastjórn Borgarfjarðar gerir ekki athugasemdir við þær tillögur að fundadagatali sem fram koma.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

3. 202106006 - Deiliskipulag, Jörfi, Borgarfirði eystri

Deiliskipulag íbúðabyggðar við Jörfa og Dagsbrún hefur verið auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun tók skipulagið til athugunar og hefur verið brugðist við þeim ábendingum sem þar komu fram. Breyting á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 var auglýst samhliða deiliskipulaginu og var það samþykkt af sveitarstjórn Múlapings 15. mars sl.

Heimastjórn Borgarfjarðar samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og felur skipulagsfulltrúa að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

4. 202306043 - Staða verkefna umhverfis - og framkvæmdasviðs á Borgarfirði

Hugrún Hjálmarsdóttir kom á fund heimastjórnar og upplýsti heimastjórn um framgang verkefna á umhverfis - og framkvæmdasviði á Borgarfirði.

Gestir



Hugrún Hjálmarsdóttir - 13:15

5. 202306042 - Útleiga á Þórshamri (stúdíóíbúð)

Á grundvelli fyrri umsókna um leiguhúsnæði á Borgarfirði í desember sl. hyggst heimastjórn Borgarfjarðar nýta ákvæði 3. greinar reglna um úthlutun á leiguhúsnæði í eigu Múlaþings (annarra en félagslegra íbúða) og úthlutar smáíbúð í Þórshamri án auglýsingar til Halls Inga Hallssonar um leið og hún losnar.

Heimastjórn leggur jafnframt til að leigusamningar um smáíbúð í Þórshamri verði að jafnaði gerðir til 1 árs í senn.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

6. 202212043 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Borgarfirði

Dýpkun hafnarinnar og sjónvörnum (í Njarðvík og við Blábjörg) er lokið. Um miðjan júlí fer í útboð ný löndunarbryggja og annað tréverk. Útboðsgögn eru tilbúin.

Gjaldtaka í Hafnarhólma hefst á næstu dögum. Komið verður upp skiltum þar sem hægt verður að greiða rafræn frjáls framlög.

Heimastjórn þáði heimboð Þekkingaseturs Þingeyinga til Húsavíkur að skoða Stéttina, sem er nýuppgert samvinnuhúsnæði, í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir í Fjarðarborg.

Heimastjórn þáði boð Aeco um að heimsækja leiðangursskipið Fridtjof Nansen. Þar var m.a. rætt um samtal og tengsl milli leiðangursskipanna og heimamanna.

7. 202010615 - Fundir Heimastjórnar Borgarfjarðar

Næsti fundur heimastjórnar Borgarfjarðar er áætlaður fimmtudaginn 6. júlí 2023. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast fyrir kl. 12:00 mánudaginn 3. júlí. Erindi skal senda á netfangið jon.thordarson@mulathing.is eða eythor.stefansson@mulathing.is eða bréfleiðis til Hreppsstofu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15

